

Samkomulag um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Sveitarfélagið Álftanes, Kópavogsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósahreppur (hér eftir nefnd sveitarfélögin) gera með sér svofellt **samkomulag um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins** í samræmi við ákvæði 2. mgr. 22. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

I Framtíðarsýn og markmið

1. gr.

Líta ber á höfuðborgarsvæðið sem eitt búsetusvæði, einn atvinnu- og húsnæðismarkað með sameiginleg grunnkerfi, útivistarsvæði, auðlindir, útmörk, landslag og náttúru.

2. gr.

Markmið er að fyrir liggja á hverjum tíma metnaðarfullt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið þar sem sett er fram sameiginleg stefna um hagkvæma og sjálfbæra borgarþróun, með hagsmuni heildarinnar og sátt er um. Í því felst m.a:

- Að vinna að sameiginlegri sýn fyrir íbúáþróun og þjónustuframboð fyrir allt höfuðborgarsvæðið.
- Að skilgreina og ákvarða landnotkun og samgöngur á höfuðborgarsvæðinu, með áherslu á almenningssamgöngur, og hagsmuni gangandi og hjólandi að leiðarljósi.
- Að vinna sameiginlega að þróun byggðar á höfuðborgarsvæðinu og með tengingu við nágrennabyggðir þess á suðvesturhorni landsins.

(Sjá nánar fylgiskjal I, framtíðarsýn, markmið og leiðir)

3. gr.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins skal vera virk skipulagsáætlun sem tekur mið af gildandi landsskipulagsstefnu. Svæðisskipulagið er einn af lykilþáttum við gerð sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið og tengist þeirri vinnu með formlegum hætti eins og lýst er í fylgiskjali III. Samningsaðilar skuldbinda sig til að umgangast staðfest svæðisskipulag af festu og virðingu. Við gerð aðalskipulags aðildarsveitarfélaganna og endurskoðun þeirra skal byggja á stefnumörkun svæðisskipulagsins.

II Stjórnun svæðisskipulagsins

4. gr.

Samkvæmt 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal skipa svæðisskipulagsnefnd, að afloknum sveitarstjórnarkosningum hverju sinni. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir fulltrúar frá hverju sveitarfélagi. Svæðisskipulagsnefnd skipar 7 manna framkvæmdanefnd sem starfar milli funda með fagráði sem skipað er skipulagsfulltrúum sveitarfélaganna.

Nánar skal kveða á um starfshætti svæðisskipulagsnefndar, framkvæmdanefndar og fagráðs og skrifstofu SSH í sérstökum starfsreglum sbr. ákvæði VI. kafla skipulagslaga nr. 123/2010. (Sjá nánar fylgiskjal II, innihald verkefnislýsingar, með samningi þessum)

5. gr.

Svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið er viðvarandi verkefni og skal að jafnaði taka til 20 ára tímabils. Svæðisskipulagsnefnd skal eftir skipun hennar í upphafi nýs kjörtímabils sveitarstjórna leggja fram verk-, tíma- og kostnaðaráætlun um endurskoðun svæðisskipulagsins og skilgreina þá meginþætti sem leggja skal áherslu á.

III Umsýsla og fjármál

6. gr.

Svæðisskipulagsnefnd hefur yfirumsjón með umsýslu svæðisskipulagsins. Skrifstofa SSH annast stjórnsýsluhluta svæðisskipulagsins, reglulega uppfærslu upplýsinga, tölfræðilega úrvinnslu, framsetningu skipulagsins, miðlun upplýsinga og samstarf við skipulagsyfirvöld í sveitarfélögnum á höfuðborgarsvæðinu og aðliggjandi sveitarfélögum. Skrifstofa SSH skal fylgjast með framþróun skipulagsins og gera tillögur að leiðréttingum eða breytingum á því ef þarf.

7. gr.

Kostnaður við vinnslu og umsýslu svæðisskipulagsins skiptist milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember árið á undan. Samkvæmt 18. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 greiðist kostnaður við gerð svæðisskipulags til helminga af Skipulagssjóði og hlutaðeigandi sveitarfélögum samkvæmt samningi Skipulagsstofnunar og svæðisskipulagsnefndar. Kostnaður vegna einstakra breytinga, undirbúningur þeirra og kynning, greiðist af viðkomandi sveitarfélagi.

IV Samþykktarferli og endurskoðun

8. gr.

Samningur þessi og síðari breytingar á honum skulu lagðar fyrir sveitarstjórnir allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og tekur hann gildi þegar allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt hann.

Kópavogi 24. ágúst 2012.

Fh. Hafnarfjarðar




Fh. Garðabæjar




Fh. Sveitarfélagsins Álftanes



Fh. Kópavogsbæjar



Fh. Reykjavíkurborgar




Fh. Selfjarnarneskaupstaðar



Fh. Mosfellsbæjar



Fh. Kjósahrepps



Fylgiskjal I

Framtíðarsýn:

Höfuðborgarsvæðið mun í auknu mæli bera svipmót þéttar borgarbyggðar og nútímalegs þekkingarsamfélags.

- Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafi með sér náð samstarf um skipulagsmál.
- Markmið um sjálfbæra þróun verði ráðandi í skipulagsmálum svæðisins með blandaðri landnotkun, þéttingu byggðar og vistvænu skipulagi samgangna.
- Höfuðborgarsvæðið beri svipmót fagurrrar borgar þar sem tekið er tillit til náttúlegs landslags eins og kostur er við þróun nýrra hverfa.
- Höfuðborgarsvæðið verði nútímalegt borgarsamfélag með alþjólegu yfirbragði og alþjólega samkeppnishæft um fólk, fjármagn, fyrirtæki og viðskipti.
- Störfum fjölgi í þjónustu- og þekkingargreinum.

Markmið og leiðir:

Markmiðið er metnaðarfullt svæðisskipulag þar sem sátt er um sjálfbærni og hagkvæma borgarþróun.

- Mótuð verði sameiginleg stefna í sem allra flestum málaflokkum, sátt um stóru línurnar og treystur grunnur að frekara samstarfi og sameiginlegri sýn.
- Svæðisskipulagið verði ítarlegur grunnur fyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem tekur mið af sameiginlegum þáttum byggðaþróunar.
- Sveitarfélögin hafi reglubundið samráð við gerð aðalskipulags.

Vinna að sameiginlegri sýn fyrir íbúaþróun og þjónustuframboð með heildstæðum hætti fyrir allt höfuðborgarsvæðið.

- Efla til muna starf svæðisskipulagsnefndar og fela henni aukið stefnumótandi hlutverk í góðri tengingu við starfandi skipulagsnefndir og ríkisvaldið um gerð og framfylgni við landsskipulagsstefnu.
- Sameiginlegur rekstur svæðisskipulags með skilvísri stjórnsýslu, reglulegri uppfærslu upplýsinga, tölfræðilegri úrvinnslu og miðlun upplýsinga.

Skipuleggja þróun byggðar, landnotkun og samgögnur á höfuðborgarsvæðinu með sjónarmið heildarinnar að leiðarljósi.

- Vera vel í stakk búin til að mæta fyrirsjáanlegri íbúafjölgun, samfélagsbreytingum og vexti nýrra atvinnugreina. Talið er að fólksfjölgun verði svipuð og verið hefur, breytt aldurssamsetning muni hafa mikil áhrif.
- Skapa góð skilyrði fyrir vöxt og framfarir í atvinnulífi og með því móti leggja grunn að góðum lífskjörum, öflugri samfélagslegri þjónustu og traustri framtíð íbúanna.
- Skilgreina umferðarkerfi með áherslu á almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi umferð. Umferðin mun halda áfram að aukast, breyting í atvinnuháttum og aldurssamsetningu hefur áhrif á umferð.
- Skilgreina veitukerfi, aðal athafnakjarna og miðsvæði, sameiginleg útivistar- og ræktunarsvæði, skilgreina auðlindir og nýtingu þeirra, afmarka þau svæði sem henta ekki undir byggð og skilgreina verndarsvæði.
- Tryggður verði greiður aðgangur að þjónustustofnunum og fyrirtækjum, ásamt góðu aðgengi að útivistarsvæðum.
- Varðveita og styrkja grænu svæðin sem umlykja byggðina á höfuðborgarsvæðinu.

Samvinna um byggðaþróun á höfuðborgarsvæðinu og við nágrennabyggðir þess.

- Svæðisskipulag sem stefnumarkandi greinargerð sem tekur til suðversturhorns landsins sem forsögn um frekara samstarf um sameiginlega byggðaþróun.

- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins verði hluti af sóknaráætlun 2020 fyrir höfuðborgarsvæðið og suðvesturhorn landsins.
- Hafðir verði í huga framtíðarmöguleikar á lestartengingu milli alþjóðaflugvallarins í Keflavík og miðborgar Reykjavíkur.

Mælt er með að hugmyndin um „sameiginlegt skipulag“ á höfuðborgarsvæðinu og stefnumarkandi samstarf um „svæðisskipulag“ á suðvesturhorninu öllu verði leiðarljós í þeirri vinnu sem framundan er við undirbúning endurskoðunar svæðisskipulagsins.

- Kanna vandlega hvaða leiðir eru færar í endurskoðun svæðisskipulagsins innan núverandi lagaramma hvað varðar framsal skipulagsvalds og samspil aðalskipulags, svæðisskipulags og landsskipulags.

Fylgiskjal II

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – innihald verkefnilýsingar

- a. Aðdragandi og tilgangur skipulagsgerðarinnar, helstu viðfangsefni og meginmarkmið skipulagstillögunnar.
Gerð grein fyrir því að endurskoðunar sé þörf þar sem ný lög með breyttri skilgreiningu hafi tekið gildi, gildandi svæðisskipulag hafi ekki nýst í alla staði sem stjórnþæki (tíðar breytingar, misjafn hraði uppbyggingar, óskynsamleg byggðaróun – sóun fjármuna, skortur á samstarfi).
- b. Umhverfi og aðstæður á skipulagssvæðinu við upphaf skipulagsgerðar.
Megindrættir í búsetu og starfsemi, auk helstu takmarkandi þátta, svo sem þeim sem tengjast náttúruvá, verndun og varúð.
- c. Helstu forsendur stefnumörkunar, svo sem byggðapróun.
Mannfjöldapróun undanfarinna ára og þróun í atvinnumálum og skýra þær breytingar sem orðið hafa.
Setja fram framtíðarhorfur um byggðapróun á svæðinu í samhengi við þróun á landinu í heild.
Þróun samgangna og umferðarkerfis og framtíðarhorfur.
Afmörkun byggðar og græn svæði.
- d. Áhrif landsskipulagsstefnu á mótun og forsendur skipulagsins.
Samgönguáætlun, kerfisáætlun raforkuflutninga og áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.
- e. Tengsl svæðisskipulagstillögunnar við aðra áætlanagerð á svæðinu.
Skipulagsáætlanir sveitarfélaganna, svæðisskipulag á aðliggjandi svæðum ef það liggur fyrir, útvíkkað svæðisskipulag fyrir suðvesturhornið, geiraáætlanir, verndar- og orkunýtingaráætlanir, verndaráætlanir friðlýstra svæða og önnur stefnumótun sem tengist viðfangsefninu.
Sóknaráætlun 2020 fyrir höfuðborgarsvæðið.
Lýsa áhrifum þessara áætlana á skipulagsgerðina.
- f. Frekari upplýsinga sem ráðgert er að afla og hvernig þær tengjast stefnumörkun áætlunarinnar og umhverfismati hennar.
- g. Helstu áherslur og stefna gildandi svæðisskipulags.
- h. Stefnumörkun og áherslur við gerð nýs svæðisskipulags.
Greina frá í hverju breytingar eru fólgnar og hvers vegna.
- i. Framsetning skipulagsins.
Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins skal mörkuðstefna um byggðapróun, þjónustukjarna, samgöngur og vegakerfi, veitur, útivistarsvæði, náttúruverndarsvæði, vatnsverndarsvæði og annað sem sveitarfélögin telja ástæðu til að marka sameiginlega stefnu um eða samnýta, svo sem sorpvinnslustöðvar, sorpurðunarsvæði, efnistöku- og efnislosunarsvæði, hafnir og samfélagsþjónustu.
Að hve miklu leyti á skipulagið að vera bindandi fyrir einstaka þætti (tiltaka þá), nákvæmni, áfangaskipting (æskileg hvað varðar byggðapróun á svæðinu), hvernig skipulagið á að nýtast sem stýritæki.
Þemaskipting, framtíðarþróun svæðisskipulagsins.
Víska í framtíðarhópinum og þær umræður sem síðar hafa orðið.
- j. Skipulagsferlið.
Yfirstjórn svæðisskipulagsgerðarinnar, svæðisskipulagsnefnd, framkvæmdanefnd, fagráð, skrifstofa SSH og aðkeypt vinna.
Helstu verkáfangar, tímasetning þeirra og áætlaður kostnaður.
Hvernig kynningum, samráði og aðkomu almennings og annarra hagsmunaaðila verður háttáð.

Hverjir fara með þá málaflokka sem áætlunin tekur til og eru umsagnaraðilar ásamt hvenær í vinnuferlinu verður haft samráð við þá.

k. Umhverfismat áætlunarinnar.

Hvernig staðið verður að umhverfismati áætlunarinnar skv. 12. gr. skipulagslaga eða, þegar við á, skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Fylgiskjal III

Tengsl svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins við gerð sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið.

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins

Í stefnumörkuninni Ísland 2020 er kafli um sóknaráætlanir landshluta en þar segir:

„Sóknaráætlanir verði unnar fyrir hvern landshluta. Þær taki mið af svæðaskiptingu Sóknaráætlunar, en sérstaklega komi til skoðunar að vinna sameiginlega áætlun fyrir allt Suðvesturhornið (Hvítá–Hvítá) og áætlun fyrir allt Norðurland. Auk fjármögnunar einstakra verkefna í fjárfestingaráætlun til langs tíma verði utanumhald og einstök verkefni sóknaráætlana landshluta fjármagnaðar með sameiningu vaxtarsamninga, menningarsamninga og endurskipulagningu og sameiningu á stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar. Áætlanirnar leggi markmið Íslands 2020 til grundvallar, auk hugmynda og áherslna sem fyrir liggja eftir þjóðfundi landshluta og stefnumörkun landshlutasamtaka í kjölfar þeirra. Forgangsröðun einstakra verkefna á hverju svæði verði á hendi heimafélks. Skilgreindur verði sameiginlegur vettvangur sveitarstjórna og fulltrúa atvinnulífs og stofnana á hverju svæði sem komi í stað hinna ýmsu stjórna og nefnda sem koma að málum í núverandi skipulagi. Ábyrgð: Innanríkisráðuneyti/iðnaðarráðuneytið. Sóknaráætlanir landshluta feli í sér forgangsröðun og tillögugerð sem taki m.a. til:

1. Gerðar svæðisskipulagsáætlunar sem skilgreini stefnu í landnotkun á hverju svæði
2. Áætlunar um eflingu sveitarfélaga með auknum verkefnum, samvinnu og sameiningu
3. Áætlunar um sjálfbæra nýtingu orku, auðlinda og afurða á viðkomandi svæði
4. Áætlunar um uppbyggingu grunnnets samgangna um land allt sem lokið verði fyrir árið 2020
5. Áætlunar um samgöngumiðstöðvar í hverjum landshluta og eflingu almenningsamgangna innan svæða út frá þeim
6. Stefnu um öruggt aðgengi að háhraðafjarskiptum um land allt
7. Stuðnings við klasasamstarf fyrirtækja þar sem skilyrði eru fyrir hendi
8. Einföldunar og endurskipulagningar á stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar á viðkomandi svæði
9. Vinnuarkaðs- og menntaáætlana viðkomandi svæðis sem taki mið af þörfum beggja kynja
10. Stefna um samstarf milli menntastofnana annars vegar og þekkingar – og nýsköpunarmiðstöðva hins vegar á hverju svæði
11. Menningar- og ferðamálastefnu fyrir viðkomandi svæði
12. Eflingar rafrænnar þjónustu og endurskipulagningu á opinberri þjónustu á hverju svæði“

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins tengist úrvinnslu verkefnisins með neðangreindum hætti:

Framtíðarhópur SSH er stýrihópur sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins og ber ábyrgð á verkefninu. Stýrihópurinn skilgreinir og afmarkar verkefnið og hlutar það niður. Þeir verkþættir sem saman mynda sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðinu verði skiptast niður á þrjá verkefnahópa skv. eftirfarandi skiptingu. Formaður svæðisskipulagsnefndar verður tengiliður svæðisskipulagsins við stýrihópinn.

A. Svæðisskipulag og tengd málefni

Svæðisskipulag		
	1.	Gerðar svæðisskipulagsáætlunar sem skilgreini stefnu í landnotkun á hverju svæði
	3.	Áætlunar um sjálfbæra nýtingu orku, auðlinda og afurða á viðkomandi svæði
	4.	Áætlunar um uppbyggingu grunnnets samgangna um land allt sem lokið verði fyrir árið 2020
	5.	Áætlunar um samgöngumiðstöðvar í hverjum landshluta og eflingu almenningsamgangna innan svæða út frá þeim
	6.	Stefnu um öruggt aðgengi að háhraðafjarskiptum um land allt

B. Atvinnustefna

Atvinnustefna	7.	Stuðnings við klasasamstarf fyrirtækja þar sem skilyrði eru fyrir hendi
	8.	Einföldunar og endurskipulagningar á stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar á viðkomandi svæði
	9.	Vinumarkaðs- og menntaáætlanir viðkomandi svæðis sem taki mið af þörfum beggja kynja
	10.	Stefna um samstarf milli menntastofnana annars vegar og þekkingar – og nýsköpunarmiðstöðva hins vegar á hverju svæði
	11.	Menningar- og ferðamálastefnu fyrir viðkomandi svæði

C. Þjónusta

Þjónusta	2.	Áætlun um eflingu sveitarfélaga með auknum verkefnum, samvinnu og sameiningu
	12.	Eflingar rafrænnar þjónustu og endurskipulagningu á opinberri þjónustu á hverju svæði“
		Eftirfylgni með verkefnum þeirra 12 verkefnahópa framtíðarhóps SSH sem fjölluðu um og gerðu tillögur að auknu samstarfi milli sveitarfélaga (aðrir hópar en fjölluðu um svæðisskipulag og atvinnustefnu)

